

Minnisblað vegna yfirfærslu á akstri innanbæjarstrætó í Árborg

Markmið

Auka þjónustu innanbæjarstrætó (leið 75) við íbúa frá 1. janúar 2021

Forsendur

Sveitarfélagið Árborg bauð út allan þjónustuakstur fyrr á árinu en þar undir féll skólaakstur, sundakstur, frístundaakstur, innanbæjarstrætó og akstur fyrir félagsþjónustu. Guðmundur Tyrfingsson ehf. (GTS ehf.) bauð hagstæðast og hefur hafið akstur á öllum þáttum nema innanbæjarstrætó sem hefst 1. janúar nk. Forsendur innanbæjarstrætó í útboðinu voru:

- Auka og aðlaga þjónustuna betur að þörfum íbúa t.d. með því að fjölga ferðum um helgar með því að bæta við akstri á sunnudögum
- Notkun á innanbæjarstrætó yrðu endurgjaldslausar fyrir alla aldurshópa
- Skoða hvort samstarf við Strætó bs. yrði haldið áfram frá 1. jan. 2021

Undirritaður ásamt Sigurði Andrésí Þorvarðarsyni, skipulagsfulltrúa og Svanhildi Jónsdóttur, frá VSÓ hafa unnið að endurskoðun tímatöflu fyrir leið 75 innan Árborgar og var hluta hennar breytt í ágúst sl. til að tengja við frístundaakstur milli byggðarkjarna í Árborg. Í haust kom í ljós að við raunakstur gekk tímataflan ekki upp og eftir nákvæmar tímamælingar og samstarf við fulltrúa GTS ehf. hefur taflan verið uppfærð og tæki þá gildi 1. janúar nk.

Aðilar eru sammála um að núverandi aksturshringur bjóði ekki upp á miklar breytingar tímatöflu á virkum dögum til að auka tíðni en um helgar verður bætt við einni ferð ásamt því að sunnudagur kemur inn í aksturplanið. Stefnan er að hefja vinnu á nýju ári við heildar endurskoðun á akstursplaninu til að bæta þjónustuna enn frekar til framtíðar og skoða þá betri samræmingu innanbæjarstrætó og frístundaaksturs til að fjármagnið nýtist vel og þjónustan sé sem best.

Aðkoma og samstarf við Strætó bs

Með þeim aksturssamningi sem Árborg gerði á sínum tíma í gegnum SASS var innifalinn aðkoma Strætó bs sem hafa séð um alla reikningagerð, uppfærslu á töflum við stoppistöðvar, veitt ráðgjöf og leið 75 verið hluti af leiðarkerfi Strætó inn á www.straeto.is og þá verið hægt að sjá staðsetningu bílanna í rauntíma á netinu.

Sveitarfélagið Árborg hefur **ekki** greitt neitt aukalega fyrir þessa þjónustu en ef það er vilji til að halda henni áfram frá 1. janúar 2021 mun hún kosta um 200.000 kr. á mánuði eða **2,4 milljónir á ári**. Þetta er lægra en þeir rukka venjulega þar sem það yrði frítt og því auðvelt reikningshald.

Það má velta því upp hvort það sé raunverulegur hagur fyrir Árborg að nýta þessa þjónustu og þá um leið hvort við getum leyst þessa þætti öðruvísi og notað heimasíðu Árborgar betur til að halda utan um allar upplýsingar um innanbæjarstrætóinn.

- Prenta sjálf út nýjar tímatöflur og nýta áhaldahúsið til að setja þær upp á stoppistöðvar. Gætum þurft að fjárfesta í nýjum rökkum
- Fáum aðgang að Flota hjá GTS ehf. En þar er hægt að sjá bílana í rauntíma á netinu og getum við sett það kort inn á heimasíðu Árborgar
- GTS ehf. senda alla reikninga sjálfir nú þegar og því væri reikningur vegna innanbæjarstrætó aðeins hluti af því

- Notandi verður að nota heimasíðu Árborgar til að finna upplýsingar um leið 75 og svo heimasíðu Strætó til að skoða aðrar leiðir líkt og 51 og 52 til Reykjavíkur. Ákveðin ókostur en skiptir kannski litlu máli
- Svigrúm til breytinga á tímatöflu er meira þegar Árborg er í beinu sambandi við GTS ehf. og gefur sjálfst út tímatöflur

Það væri því hægt að leysa nokkuð vel úr öllum þeim þáttum sem Strætó sinna í dag og nýta fjármagn sveitarfélagsins frekar til að bæta enn frekar við þjónustu innanbæjarstrætó við íbúanna.

Til að starfsmenn hafi skýrt umboð að vinna málið áfram telur undirritaður að það væri skynsamlegt að afstaða Árborgar, hvort sem er að halda áfram samstarfi eða hætta, við Strætó yrði tekin fyrir í bæjarráði og afgreidd formlega.

Bragi Bjarnason
deildastjóri frístunda- og menningardeildar